



518. fundur Þingvallanefndar  
26. september 2025 kl 09:00-11:00

Arnarfell  
Nefndarsviði Alþingis í Smiðju

Mættir: Sigurður Helgi Pálmason formaður, Ása Berglind Hjálmarsdóttir varaformaður, Guðbrandur Einarsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Karl Gauti Hjaltason, Sigurður Ingi Jóhannsson. Guðrún Hafsteinsdóttir í stað Vilhjálms Árnasonar sem boðaði forföll. Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður sat fundinn og ritaði fundargerð. Gestir: Lilja Jónasdóttir lögmaður Þingvallanefndar og Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður.

#### Dagskrá:

1. Sumarhús-breytingar á sumarhúsum.  
Lagðar fram óskir um breytingar á þremur sumarhúsum í þjóðgarðinum. Neðristíg 5, Valhallarstíg N. 11 og Rauðukusunesi 5.  
Óskir um breytingar á húsum eru ekki í samræmi við byggingarskilmála Þingvallanefndar frá árinu 2010 og er óskum um breytingar hafnað.
2. Atvinnustefna þjóðgarðsins á Þingvöllum – kynning  
Þjóðgarðsvörður kynnir drög að atvinnustefnu þjóðgarðsins sem var til umfjöllunar hjá fyrri nefnd. Umræður.
3. Erindi frá Jakobi Frímanni Magnússyni fyrir hönd Kaleó um tónleika sumarið 2026. Jakob Frímann Magnússon kynnir hugmynd að tónleikum Kaleó og gesta sumarið 2026.  
Umræður og spurningar. Ákvörðun frestað þar til frekari upplýsingar fást um umgjörð og frekari drög að skipulagi.  
Fundir slitið kl 11.00